



Reykjavík, 9. mars 2015.

Til Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis.

Umsögn um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 466. mál.

Umsögn þessi kemur frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fagnar undirbúningi til fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Frumvarpið fjallar fyrst og fremst um orðalag sem við teljum jákvætt og það hefur umtalsverð áhrif á orðalag er varðar Þjónustu- og þekkingarmiðstöð. Á þetta sérstaklega við um orðið daufblindur sem að margra mati er neikvætt orð og óheppilegt. Þessu erum við sammála hjá Miðstöðinni og teljum það framför að breyta þessu orðalagi.

Um þessa breytingu er fjallað í kafla XV og lagt til í grein g. að heiti laga um Miðstöðina verði breytt og þar af leiðandi heiti stofnunarinnar. Því er um umtalsverða breytingu að ræða sem hefur í för með sér að endurgera þarf allt kynningar- og fræðslufni Miðstöðvarinnar. Það felur í sér töluverða vinnu og útgjöld. Ekki hefur verið gert ráð fyrir slíkri vinnu eða kostnaði hjá Miðstöðinni. Þá hefur Miðstöðinni ekki verið gert kunnugt um þetta frumvarp.

Jafnframt bendum við á að fyrir Velferðarnefnd Alþingis liggur nú frumvarp um sameiningu margra þeirra stofnana sem nefndar eru í þessu frumvarpi. Niðurstaða okkar er því sú að verið er að gera breytingar á lögum um stofnanir sem hugsanlega er verið að leggja niður. Við leggjum því til að málið verði skoðað betur og samræmt við þá vinnu sem nú þegar er í gangi við breytingar og sameiningar á stofnunum.

Virðingarfyllst,

f.h. Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Huld Magnúsdóttir.

Forstjóri.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

Hamrahlíð 17 | 105 Reykjavík | Sími 545 5800 | Fax 568 8475 | midstod@midstod.is | midstod.is